

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979 um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa, sbr. reglugerð nr. 1 4. janúar 1980 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar (sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1/1980) orðist svo:

Við próf skulu gefnar einkunnir eftir sama einkunnarstiga og notaður er í viðskiptadeild Háskóla Íslands, ein einkunn fyrir hverja prófun.

Til þess að standast próf þarf prófmaður að hljóta einkunnina 6 í hverri prófraun og ekki lægri meðaleinkunn en 6,5 úr öllum prófraunum, miðað við nógildandi einkunnarstiga (hæsta einkunn 10, lægsta einkunn 0), eða samsvarandi einkunnir eftir öðrum einkunnarstigum.

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun einu sinni til, og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1976, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. nóvember 1983.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

18. október 1983

Nr. 754

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Stöðubann skal vera á norðanverðum Digranesvegi á milli Skólatraðar og Álftraðar.
2. Stöðubann skal vera í Furugrund frá innkeyrslu íbúðarblokkar nr. 72, upp að Nýbýlavegi, beggja vegna götunnar.
3. Einstefna skal vera á norðurhluta Neðstuttraðar frá bílastæðum við félagsheimilið að Vallartröð, til austurs.
4. Akstursstefna á bílastæðum sunnan við húsin Hamraborg 7—11 skal vera frá austri til vesturs.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórnin í Kópavogi, 18. október 1983.

Ásgeir Pétursson.